

FRÉTTABRÉF SAFNMANNA

2. árg. 2. tbl. mat 93.

Ágætu félagar

Veturinn hefur verið að mörgu leyti viðburðarríkur í safnastarfi, eins og sjá má til dæmis í ársskýrslu Þjóðminjasafnsins sem kom út um svipað leyti og fyrsta þjóðminjaping var haldið. Þingið þótti heppnast mjög vel og verður það vonandi lyftistöng fyrir safnastarf í landinu. Á þinginu kom fram sá vilji menntamálaráðherra að leysa úr brýnasta húsnæðisvanda safnsins, með féveitingu í nýbyggingu á háskólalóðinni. Húsnæði þetta er hugsað fyrir starfsemi safnsins en gamla safnahúsið verður áfram notað sem sýningahúsnæði.

Félag safnmanna hélt sína hefðbundnu kyndilmessuhátíð í byrjun febrúar. Í þetta sinn var hún með öðru sniði en venjulega, sem sé þorablót sem haldið var í Dillonshúsi í Árbæjarsafni. Fjölmennt var á samkomunni þrátt fyrir óveður og þar kynntu Árni Björnsson og Sigurður Rúnar Jónsson gamla þorablótssöngva, Örn Erlendsson stjórnaði safnmönnum í firna hljómmiklu kórverki og sungið var og dansað við harmoikumúsík fram eftir nóttu. Fyrirlsari kvöldsins var Hjörleifur Stefánsson og er erindi hans birt hér í fréttabréfinu, örlítið styt.

Í þessu tölublaði eru greinar frá Sigríði Sigurðardóttur, í Glaumbæ um söfn og fræðslu og frá Birni Björnssyni safnstjóra í Hafnarfirði um markaðssetningu safna. Bæði þessi erindi eru í tengslum við viðfangsefni farskólans sem verður haldinn í Skagafirði aðra helgina í september um efnið: Að koma safni á framfæri. Farskólanefnd sendir út nákvæmari upplýsingar seinna í sumar, en hafið þessa dagsetningu í huga þegar þið skipuleggið sumarið og haustið.

SÁJ

Til umhugsunar

Frá Sigríði Sigurðardóttur í Skagafirði.

Minjasöfnin okkar eru keimlök og þó á margan hátt mismunandi, um það þarf ekki að fara mörgum orðum. Nú þurfum við að ihuga betur samstarf milli safna, skipulag í framtíðinni og markaðssetningu. Við þurfum að vekja athygli landsmanna á notagildi safnanna og fá skólafólk til að nýta þau betur. Möguleikar til að nota safn sem itarefni eða beint kennslutæki eru sorglega illa nýttir. Við þurfum nauðsynlega að einbeita okkur enn betur en áður að því að koma söfnum á framfæri. Það þarf að laða að rannskóknaraðila og nemendur skólanna í nágrenni jafnt og ferðamenn. Fræðsluhlutverk safnanna er óvæfengjanlegt. Væri hægt að fá Kennaraháskóla Íslands til að hafa nám og kennslu á söfnum sem nýtt fag kennaraefna? Þegar komið er á safn er hægt að fara vítt og breytt í sögunni og fjalla um fortíð, nútíð og framtíð út frá allt öðru sjónarhorni en inni í skólastofu. Með því að vekja athygli kennaranema á söfnum eru meiri líkur á að þeir nýti sér þau í kennslu seinna meir. Ég álfst að það gæti verið góður byrjunarreitur. Einnig þarf að koma af stað markvissri fræðslu fyrir starfandi kennara. Að fara í safn með t.d. Íslenskunám í huga er á við að ganga inn í orðabók, þar birtast orð og jafnvel heilu hugtökinn ljóslifandi.

Sérstaða safnanna kemur fram á ýmsan hátt, því þó bændur hafi búið líft um land allt og sjómenn haft næstum sama hátt á að veiða í grundvallar atriðum eru alltaf blæbrigði á milli héraða. Það væri t.d. gaman ef nokkur safnanna í sitt hvorum landshlutanum legðu áherslu á sömu atriðin á sérstökum stað og vísuðu hvort til annars og legðu áherslu á sameiginleg eða ólík einkenni vissra hluta. Einnig gæti eitt safn sýnt viðbót eða öðru vísi þróun á vissum þáttum. Þeim mun meiri samvinna, því fleiri möguleikar. Vísir að þessari uppbyggingu er þegar kominn og mörg safnanna hafa einmitt reynt að vekja á sér athygli fyrir sérstöðu á einhvern hátt.

Það er vissulega kominn tími til að innan hvers héraðs sé mörkuð stefna um hvar eigi að staðsetja aðalstöðvar byggðasafna héraðanna og hvaða söfn geti þá kallast útibú eða hvort sérsýningar verði settar upp til skamms tíma eða áhersla lögð á eitthvað allt annað. Þetta er aðkallandi því það kostar feikilega mikið að koma þessu á fót og menn eru enn dálítið fjótraðir í hreppapólitík. Sumar héraðsnefndir geta eðvilja ekki taka á þessum málum af því menn eru svo ákveðnir fyrir sína sveit eða kaupstað að safnið skuli rísa þar. Það er engin vandi fyrir byggðasafn að setja upp sýningar tímabundið eða til frambúðar þar sem hentar hverju sinni. Það þarf ekki að taka neitt frá neinum, en það má hagræða hlutunum, samnýta húsnæði og hafa einn safnstjóra í stað nokkurra tímabundið. En við þurfum ekki endilega að bíða eftir að ráðamenn ákveði hvernig innan héraðs skipulag á að vera. Við getum vel tekið upp ákveðna samvinnu strax t.d. varðandi fræðslu starfandi kennara og hvernig megi leggja áherslu á sérstöðu hvers safns eða tilvísun milli safna. Það gæti jafnvel orðið til þess að ráðamenn tækju við sér.

Frá Birni G. Björnssyni í Hafnarfirði

Punktur úr erindi sem flutt var á ráðstefnu Ímarks um markaðsfærslu Þjóðkirkjunnar og Þjóðminjasafnsins 17. janúar 1991 á Hótel Loftleiðum.

Baráttan um athygli fólks, tíma þess og tímstundir er gríðarleg. Þá er spurning hvort ekki sé ofur eðlilegt að hinir hógværu eins og söfnin verði undir í baráttunni um athyglina. Yfirskrift ráðstefnunnar varpar fram þeirri spurningu hvort það sé komin tími til að markaðssetja Þjóðminjasafnið? Svarið í mínum huga er einfalt: **JÁ!** oft var þörf en nú er nauðsyn, og þá leyfi ég mér að skilgreina hugtakið að markaðssetja í sinni víðtækustu merkingu að koma á framfæri.

Heimurinn er að minnka, fjarlægðir milli landa styttest, erlent

afþreyingarefni flæðir yfir heiminn og alþjóðlegir fjölmiðlar ná æ meiri útbreiðslu. Litlar þjóðir eiga aðeins eitt svar: að styrkja og auðga menningu sína, halda fast í sérkenni sín og það sem greinir þær frá öðrum þjóðum, og leggja þannig sinn þráð í hinn marglita vef, sem heimsmyndin er.

Hluti af því er að bæta og auka starfsemi menningarstofnanna eins og Þjóðminjasafnsins.

Þjóðminjasafnið á erindi til nútímans, fólk hefur þörf fyrir að vita meira um sögu sína og uppruna. En safnið verður að mæta kröfum nútímans og taka mið af þeirri breytingu, sem orðin er á þjóðfélaginu, laga sig að nýjum aðstæðum, ef það ætlar að ná til fólks og gegna hlutverki sínu. Safngestir sem flestir hafa ferðast eitthvað bera, eðlilega, saman önnur söfn og Þjóðminjasafnið.

Ég er þeirrar skoðunar að í samfélagi nútímans ættu stofnanir eins og Þjóðminjasafn, Landsbókasafn, Listasafn og fleiri hreinlega að hafa sérstaka markaðsstjóra og rekstrarstjóra við hlið hinna faglegu stjórnenda. Það er ljómandi gott að hafa fornleifafræðing sem þjóðminjavörð og leikara sem þjóðleikhússtjóra en er ekki hætt við að aðrar hliðar á rekstrinum verði útundan? Hafa þessir þrúðu og hófstilltu heiðursmenn og konur forsendur til að standa í hinum veraldlega slag um rekstur, markaðsmál og ekki síst um peninga.

Menningin er flin í háttíðarræður en þegar á reynir kemur tvískinnungurinn í ljós. En ráðamenn á hverjum tíma verða að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd að það er dýrt að vera þjóð. Fleiri og fleiri slást um kókuna frægu en hún stækkar ekki í hlutfalli við aukna ásókn í hana.

Spurningin er hvort mikilvægar stofnanir eiga að sitja hjá og bíða eftir að ríkið breyti um forgangsrið eða hvort sá tími er kominn að einkaaðilar taki menninguna í auknum mæli upp á arma sína og sinni þeim verkefnum sem hið opinbera vanrækir í formi sjárhagslegs stuðnings. Varðandi Þjóðminjasafnið, þá þarf að gera átak til að kynna starfsemi safnsins til að bæta og styrkja ímynd þess. Þar getur markaðsfræðin komið að góðu gagni.

Herferð til kynningar á safninu og mikilvægi þess ætti í raun að beina í fjórar áttir:

Til ráðamanna þjóðarinnar, svo þeir geti áttað sig og séð safninu fyrir nægu rekstrarfé.

Til almennings, til að auka aðsókn að safninu.

Til erlendra ferðamanna, til að sýna fram á að á Íslandi býr menningarþjóð.

Til valdra fyrirtækja, sem safnið óskar að fá sem bakhjarla.

Ég varpa sem sagt fram þeirri hugmynd hér að Þjóðminjasafnið fari leið sem algeng er erlendis til fjáröflunar og geri átak í að koma sér upp tryggum hópi bakhjarla úr röðum stórra og sterkra fyrirtækja sem leggja lið einstökum verkefnum og geta merkt sér þau og eignað sér á vissan hátt heiðurinn af því að þau voru unnin.

Ég sé til dæmis ekki að það væri til neinnar vansæmdar þótt snoturt skilti stæði í túnfætinum hjá gömlu sögufrægu húsi og þar stæði: "Húsasmíðjan og Málning hf, kostuðu endurbyggingu þessarar kirkju."

Breyta þarf húsi safnsins við Suðurgötu á margvíslegan hátt, hugmyndir um þetta liggja þegar fyrir. Koma þarf upp góðri kaffistofu í safninu, aðstöðu til að skoða myndbönd og þar þarf að vera góð sölubúð sem selur eftirgerðir safngripa, póstkort og fleira þess háttar.

Þá verða safnamenn að vera vakandi um að koma sér í fjölmíðla, vekja á sér jákvæða athygli. Til dæmis gætu söfn verið vettvangur ýmsa uppákoma. Ég minnst góðra daga þegar ég var sendur með Gleðibankann til Bergen ásamt fleirum í maí 1986. Norðmenn stóðu afar vel að sínum málum og notfærðu sér vel að þarna voru blaðamenn og fulltrúar 30 þjóða. Eftirminnilegasta veislan fór einmitt fram í sjóminjasafninu í Bergen og öðrum söfnum.

Ég hef lagt þá tillögu fram á öðrum vettvangi að sérstakur dagur verði helgaður sögunni og þjóðminjum um land allt ár hvert, sögudagur eða þjóðminjadagur fjólskyldunnar, gefið yrði út þjóðminjakort, efnt yrði til samkeppni um merki fyrir safnið, og svo mætti lengi telja en ég læt þetta duga.

HLUTADÝRKUN SAFNMANNA OG HAGRÆÐING MENNINGARMINJA

(Erindi flutt á Kyndilmessusamkomu Félags íslenskra safnmanna 05.02.1993 Hjörleifur Stefánsson)

Í þjóðminjalögum segir að hlutverk menningarsögulegra safna sé að fjalla um minjar um menningarsögu þjóðarinnar.

Slíkar minjar eru oftast ýmiss konar munir sem eru taldir búa yfir einhverju óáþreifanlegu gildi vegna tengsla þeirra við þjóðmenninguna og þetta aukagildi gefur þeim slíkt vægi umfram aðra hluti að um þá eru sett sérstök lög, þjóðminjalög, og stór stofnun rekin til að fjalla um þá, rannsaka og sýna.

En hvenær hefur hlutur menningarsögulegt gildi? Eru til greinilegar, almennar reglur þar að lútandi eða er það eitthvað sem er svo sjálfsagt að ekki þarf um það neinar reglur?

Leyfum okkur að búa til eftirfarandi dæmi:

Bornir eru saman tveir spunarokkar frá miðri 18. öld, báðir smíðaðir samtímis í Danmörku af sama manni og upphaflega eins gerðir. Síðan skildu leiðir rokkanna. Annar þeirra var fluttur til Íslands og notaður í spunahúsi Innréttinganna í Reykjavík meðan þær störfuðu. Eftir það komst hann í eigu biskupsráðgjafar sem notaði hann þar til dóttir hennar fluttist að heiman sem amtmannsfrú og hafði með sér rokkinn norður í land. Seinna var hann gefinn til kvennaskóla Þóru Melsted við Austurvöll. Hinn rokkurinn hafnaði á fjölsku bændabýli þar sem hann var notaður alla tíð. Gerum einnig ráð fyrir því að báðir séu rokkarnir jafnslitnir og beri engin ótvíræð, sýnileg sérkenni sem greini þá að.

Íslenski rokkurinn, sem við myndum leyfa okkur að kalla þann fyrrnefnda, hefði þó tvímælalaust menningarsögulegt gildi langt umfram þann danska og yrði líklega talinn með íslenskum þjóðminjum. Þetta mikilvæga aukagildi sem íslenski rokkurinn öðlaðist við það að tengjast íslensku þjóðlífi í tvö hundruð ár er engum manni sýnilegt en það byggir á þekkingunni um sögu

roksins og tengslum hennar við sögu þjóðarinnar og er nánast eins og hlutkennd staðfesting á sögunni.

Meningarsögulegt gildi hlutanna virðist vera ósýnilegur eiginleiki þeirra sem opinberast þeim sem þekkja til viðkomandi menningarsögu og tengsla viðkomandi hluta við hana.

Þetta leiðir hugann að hlutadýrkun frumstæðra trúarbragða.

Í Nordisk konversations leksikon segir m.a. um orðin *fetisch* og *fetischisme* í lauslegri þýðingu:

Fetisch: dauður hlutur sem talinn er hafa dulrænann kraft og er því tilbedinn. Uppruni orðsins er portúgalskur (feitico) og var upphaflega notað um trúarhluti afrískra svertingja.

Fetischisme: trú sem byggir á ósýnilegum öflum sem hlutir búa yfir og hægt er að notfæra í okkar sýnilega heimi.

Fetichismi og hlutadýrkun safnmanna eru sem sagt skyld fyrirbæri að því leyti að í báðum tilvikum er gert ráð fyrir því að hlutir búi yfir ósýnilegum öflum.

Hlutadýrkun safnamanna er þó ekki einstaklingsbundin eins og í hinum frumstæða fetischisma, heldur er því beinlínis haldið fram að hún hafi gildi fyrir alla þjóðina.

Flestir alvarlega hugsandi safnamenn leitast reyndar við að skilja og skýra í hverju menningarsögulegt gildi safnmuna er fólgið, útskýra gerð hlutanna og setja þá í samhengi við samfélagið sem skapaði þá og notaði og þannig verða þeir oft jafnframt til þess að bæta við þekkingu á menningarsögunni. Til menningarsögu hvers tíma heyrja auðvitað allir menningarþættir, atvinnuhættir, listir, vísindi, trúarbrögð og hvað eina sem nöfnum tjáir að nefna. Safngripirnir verða fulltrúar eða boðberar einhverra menningarþátta, hluti fyrir heild og tákna á einhvern hátt menningarsöguna.

Safnamaður sem á með fullu vægi að kveða uppúr um menningarsögulegt gildi gripa þarf að vera mjög vel að sér um hvaðeina sem tengist menningarsögu, þ.e. öllum helstu menningarþáttum hvers tíma. Hann á helst að vera alfræðingur eins og hinir svokölluðu encyklopedistar voru á 18. öldinni. Sér

til aðstoðar þarf hann svo að hafa sérfróða menn á ýmsum sviðum, t.d. fornleifafraeðinga, forverði, listfraeðinga osfrv. Þarna erum við sem sagt komin að hinu gamla hlutverki þjóðminjavarðarins sem fjölmenntaðs spekinga, sem á að hafa yfirlit yfir þjóðmenninguna og minjavörsluna alla.

Þetta hefur stundum leitt huga minn að frægri ritverki eftir þýska rithöfundinn Hermann Hesse, *Das Glassperlenspiel*, sem hann skrifaði um 1946 og fékk nóbelsverðlaunin fyrir fáum árum seinna. Þar lýsir hann samfélagi framtíðarinnar þar sem glerkúluspilið er mikilvægasta iðja mannanna. Glerkúluspilið á sér langa sögu og reyndar má rekja forsögu þess þúsundir ára aftur í tímann. Hugmyndir Pythagórasar um stærðfræðilega reglu alheimsins, tilraunir tónskálda á 16. öld með stærðfræðilega tónlist, flatarmálsfræði myndlistarinnar í byrjun 20. aldarinnar, allt eru þetta vísar að því sem seinna varð glerkúluspilið. Upphaflega fjallaði spilið einkum um tónlist, en fljótlega var stærðfræðin ekki síður mikilvæg. Smám saman bættust fleiri þekkingarsvið mannsins við hinar flóknu reglur glerkúluspilsins og þegar það var fullmótað spannaði það alla mannlega þekkingu og allar viðurkenndar vísinda- og listgreinar voru iðkaðar innan spilsins.

Glerkúluspilið var einkum stundað af mönnum sem höfðu fengið áralanga þjálfun í iðkun þess. Þeir sem náð höfðu lengst í listinni fengust ekki við annað. Efnt var til mikilla menningarhátiða þar sem snillingar þjóðarinnar kynntu seinustu spil sín og leikfléttur. Spilið var tilgangur í sjálfu sér. Við iðkun þess beittu menn ítrustu þekkingu á listum og vísindagreinum, hvergi reis menningin hærra.

Gerkúluspilið táknaði samþáttun allrar menningarviðleitni mannkynsins og á svipaðan hátt á safnmaðurinn að ígrunda menningarsögu fortíðarinnar og velja þá muni til varðveislu sem búa yfir dulmögnum skilaboðum til framtíðarinnar.

Aðferðir raunvísindanna eru verkfæri sem aðeins er hægt að beita við afmörkuð verksvið innan safnastarfsins en heildar-

sýnin er hins vegar miklu flóknari og felur einnig í sér óræðari þekkingu, jafnvel dulúð.

HÚSIN SEM MENNINGARMINJAR:

Hús hafa allmikla sérstöðu meðal safngripa vegna þess hve stór þau eru og flókin, þau geta haft umtalsvert verðgildi og eru fæst í eigu safna þótt þau séu friðuð vegna menningarsögulegs gildis. Til skamms tíma voru hús eða byggingar í víðum skilningi dýrustu og flóknustu mannvirki jarðarinnar og í þeim opinberaðist menningarstaða hvernar þjóðar betur en í nokkrum öðrum manngerðum hlutum.

Menningarsögulegt gildi húsa, eins og annarra gripa, vex að jafnaði með aldrinum. Því eldri sem þau eru þeim mun fágætari og jafnframt tengjast þau lengri tíma menningarsögunnar.

Fáeinum byggingum er meira að segja frá upphafi ætlað að hafa menningarsögulegt gildi, einkum húsum sem reist eru sem minnisvarðar um merka atburði í sögu þjóðar, eins og reyndin er um Þjóðminjasafnshúsið við Suðurgötu.

Að frumkvæði Ólafs Thors var ákveðið á alþingi árið 1944 með samþykki allra þingmanna að reisa hús yfir Þjóðminjasafn Íslands sem minnisvarða um stofnun lýðveldisins. Samþykktin var með viðhafnarbrag. Auðvitað var það alls ekki tilviljun að Þjóðminjasafnsbygging var valin sem minnisvarði um lýðveldisstofnunina. Vissulega þurfti Þjóðminjasafnið á húsi að halda, en fyrst og fremst þótti stofnunin vera þess eðlis að hún hefði öðrum betur sem minnisvarði um einhver merkustu tímamót Íslandssögunnar.

Þegar sú skoðun er nú fimmtíu árum seinna viðruð í nafni þjóðminjaráðs að fullyrðingar um menningarsögulegt gildi Þjóðminjasafnshússins séu aðeins tilfinningalegs eðlis sem ekki beri að láta vega þungt þegar ákveðið er hvar safninu skuli valinn staður til framtíðar er yfirstjórn þjóðminjavörslunnar hættulega rugluð í ríminu. Slík skoðun jafngildir nefnilega því að þjóðminjaráð telji allt starf að vörslu þjóðminja vera tilfinningalega veltu sem lítið mark sé á takandi.

Hugmyndin um sögulegar minjar, þjóðminjar og Þjóðminjasafn byggir einmitt á því að þjóðin eigi sér sameiginlegar tilfinningar til uppruna síns og þurfi á því að halda að eiga menningarsögulegar minjar því til staðfestingar.

Þegar venjulegur gripur er tekinn til varðveislu í safni er öllum ráðum beitt til að koma í veg fyrir að hann máist og eyðist þrátt fyrir að hann haldi áfram að eldast. Gripurinn verður ekki á sama hátt og áður þátttakandi í framvindu sögunnar. Hann nýtur sérstakrar verndar og hættir að eldast nema í tíma.

Þegar um hús er að ræða eru þessu oftast öðruvísi farið.

Hús eru í vissum skilningi ferli en ekki fastmótaður, óbreytanlegur hlutur. Svo að notað sé stærðfræðihugtak þá má líta á hvert hús sem fall eða fúnksjón af ýmsum áhrifum sem það verður fyrir.

Þegar ákveðið er að taka hús til varðveislu í safni, kemur það sjaldan ef nokkru sinni fyrir, að það sé varðveitt að öllu óbreytt með öllum ummerkjum um sögu þess.

Mér vitandi er ekkert dæmi þess hér á landi að slíkt hafi verið gert. Þess í stað er einmitt lögð mikil áhersla á það að færa húsið aftur í tíma ef svo má segja. Seinni tíma breytingar eru afmáðar og reynt að færa húsið til eldra horfs.

Þetta hljómar nánast eins og þverstæða, vegna þess að öll ummerki um sögu hússins, þar með taldar breytingar á því eru auðvitað hluti af menningarsögulegu gildi þess í viðasta skilningi. Að nokkru leyti hlýtur húsið því að missa gildi við að ummerki um sögu þess eru afmáð.

Skýringin á þverstæðunni liggur hins vegar í því að oftast eru húsin tekin til varðveislu vegna byggingarlistarsögulegs gildis, sem er þrengra sjónarhorn innan menningarsögunnar, og frá þeim sjónarhóli verða áherslurnar svolítið aðrar.

Þá getur skipt miklu máli að hið upphaflega hús er sem næst hreinræktuð húsagerð, eins og hlekkur í þróunarkerðju, og allar seinni tíma viðbætur og breytingar gera hana óljósari, afskræma hana.

Þá velja menn gjarnan að skoða byggingarlistina sem samsetta

úr húsagerðum (týpum). Á hverjum tíma sé til nokkur fjöldi húsagerða, misalgengar, misstórar og til mismunandi nota. Nýjar gerðir koma til sögunnar og hætt er að byggja aðrar. Nýju týpunar spretta af nýjum þörfum, nýrri tækni, nýjum byggingarefnum, breyttum samfélagsháttum o.s.frv. Þegar hús eldast og þarfnast endurnýjunar leitast menn við að aðlaga þau nýjum hústýpum sem komið hafa fram á sjónarsviðið síðar, laga þau að nýrri tisku. Eftir það verða slík hús ekki lengur hreinræktaðar týpur heldur sem torskiljanlegir blendingar.

Viktoríuhúsið í Vigur

Ég ætla nú að lokum að greina svolítið frá einu þeirra húsa sem Húsafriðunarnefnd ríkisins hefur nýlega tekið til varðveislu, Viktoríuhúsinu í Vigur.

Í Vigur bjuggu um miðja 19. öldina Kristján nokkur, efnaður bóndi, og kona hans Anna. Þau áttu fallega dóttur sem Marta hét. Kristján lést árið 1852 og tveimur árum síðar giftist Anna aftur sér nokkuð yngri manni sem Sigmundur hét. Marta þótti góður kvenkostur. Hún átti að erfa gott bú, því Vigur var kostajörð, og þótti mjög falleg stúlka.

Sumarliði Sumarliðason gullsmiður frá Kollabúðum var nýkominn heim til Íslands frá Kaupmannahöfn þar sem hann hafði lært silfur og gullsmíðar. Sumarliði og Marta felldu hugi saman og gengu í hjónaband um 1860.

Sumarliði fluttist í Vigur til Mörtu sinnar. Í Vigur var þá torfbær með burstabæjarsniði. Framan við bæinn stóð sérkennileg bygging, timburstofa sem smíðuð var að einhverju leyti sem svokallað stafverk. Sumarliði og Marta fengu stofuna til afnota þegar þau hófu búskap en Sumarliði vildi auk þess reisa Mörtu sinni fallett hús sem hæfði svo yndislegri veru.

Hann lét reisa fyrir hana lítið tvílyft timburhús sem viðbyggingu við gafl timburstofunnar. Nýja húsið var með klassísku sniði og skrauti meiru en venjulegt var. Tvílyft hús voru þá aðeins örfá hér á landi. Húsið var aðeins eitt herbergi að grunnfleti, lítið, mjótt en hátt og líktist einna helst litlum turni við gafl gömlu timburstofunnar í Vigur.

Turninn hennar Mörtu var byggður eftir smíðareglum finna húsa, sem fundnar voru upp á Ítalíu á miðöldum. Þegar byggðar voru hallir fyrir hefðarmenn og fursta, þá voru þær gjarnan hafðar tvær til þrjár hæðir. Gluggar efri hæðanna voru látnir standast á við glugga neðri hæðanna eins og gengur en þeir voru hins vegar hafðir minni til þess að auka á fjarvíddaráhrifin. Þessu bragði beitti Sumarliði við smíði Mörtuturnsins. Gluggar efri hæðarinnar eru minni en gluggar neðri hæðarinnar og svei mér þá ef húsið virðist ekki hærra fyrir vikið.

Mörtuturninn ber sem sagt með sér ýmiss konar fjarlæg menningaráhrif en jafnframt er hann ástartjáníng Sumarliða til þeirrar konu sem hann unni og ætlaði að lifa með í eilífri sælu og vildi að byggi í turni eins og prinsessa í ævintýri. En sæla þeirra Mörtu og Sumarliða varð skammvin. Sagan segir að Marta hafi ekki verið sú dyggðumprýdda jómfúru sem Sumarliða dreymdi um. Fljótlega kom líka í ljós að hún hneigðist til brennivínsdrykkju í þeim mæli að vandræði voru af. Reyndar hefur lifað fram á þennan dag orðrómur um að Marta hafa fermst með brennivíspela í svuntuvasanum. Áfengisfíkn Mörtu ágerðist og fyrr en varði var svo fyrir henni komið að hún stóð langtímum saman úti á klettum við sjóinn og reyndi að lokka til sín sjófarendur í von um að geta keypt af þeim brennivínstár. Marta og Sumarliði leystu upp hjónaband sitt og fluttu hvort í sína áttina. Seinna fluttist Marta aftur í Vigur og tók þá til sín ungan mann, Jón Árnason, ofan af landi og gerði að eiginmanni sínum. Þá var ungmeyjarljóminn mestur farinn af Mörtu og ástir hennar og unga húsbóndans urðu ekki farsælar sem skyldi. Reyndar segir sagan að Jón Árnason, hafi numið hana á brott frá stjúpá hennar svo að töluvert hefur aðdráttarafl Mörtu verið þótt komin væri af léttasta skeiði.

Móðir Mörtu, Anna, lést árið 1878 og Sigmundur stjúpi hennar kvæntist mun yngri konu Viktoríu Kristjánsdóttur og bjuggu þau í timburhúsunum í Vigur og við Viktoríu hefur húsið hennar Mörtu síðan verið kennt.

Ég kann ekki að rekja sögu þeirra nánar, en skömmu fyrir aldamótin dó Sigmundur og Viktoría fluttist úr eyggi til að giftast manni uppi á landi. Þar með lauk þessum þætti misgengis í ástarmálum í sögu Viktoríuhússins.

Langafi bændanna sem nú búa í Vigur, séra Sigurður Stefánsson eignaðist hluta Viktoríu í Vigur, þar á meðal timburhúsin og gamla bæinn og hefur húsið verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá þeim tíma. Síðan hefur þetta hús verið notað sem íbúðarhús, verbúð og þvottahús. Þar var ullin þvegin og tófuskinn verkuð. Síðast var Viktoríuhúsið notað sem geymsla og til dúnhreinsunar. Allan tímunn var húsið notað meðfram sem gestastofa, þar sváfu oftast ungir piltar á sumrin en stundum líka gestir sem meira var við haft.

Fyrir tveimur árum var svo komið, að Vigurbændur vildu rífa Viktoríuhúsið til að fá rúm fyrir nýja gestastofu á hlaðinu. Ekki var heimamönnum þó ósárt um húsið og þeir leituðu til Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar um álit áður en það yrði rífið. Fyrir tilmæli hans féllust heimamenn á að gera tilraun til þess að bjarga Viktoríuhúsinu í samvinnu við Húsafriðunarnefnd. Viðfangsefnið var sem sagt fólgið í því að hagræða þeim menningarminjum sem Viktoríuhúsið bjó yfir þannig að gildi þeirra ykist, yrði sem flestum ljóst og kæmi jafnframt að hagnýtum notum í lífi og starfi heimamanna.

Viktoríuhúsið ásamt nýrri viðbyggingu skyldi verða að þeirri gestastofu sem heimamenn vanhagaði. Skemmst er frá því að segja, að framkvæmdir hófust snemma árs 1992 og lauk að mestu leyti sama ár.


Hér ægði saman öllum þeim vandamálum sem ég drap á fyrir í máli mínu. Húsið var í eðli sínu mjög merkilegt en svo illa farið að það var við það að tortímast. Húsið var nú endurbætt, fært úr stað, grind þess endursmíðuð, mörg ummerki um niðurlægingartímabil þess voru afmáð til þess að geta kallað fram einkenni sem meiru máli voru talin skipta. Viðbygging við húsið var umsmíðuð til að verða sem minnisvarði um upphaflegu stofuna sem Mörtuturninn var viðbygging við og

siðast en ekki síst var reist ný viðbygging við húsið svo að það gæti fengið nýtt hlutverk og nýst sem gestastofa.

Menningarminjunum í Vigur var sem sagt hagrætt til að gildi þeirra ykist og kæmi að notum- öðrum þræði einnig til þess að tryggja þannig að þær glötuðust ekki.

Nú er mál að linni þessu spjalli sem er botnlaust af því það hófst ekki af nauðsynlegri fyrirhyggjusemi. Í þessu spjalli mínu átti svo sem ekki að vera nokkur botn nema helst sá, að varðveisla menningarminja eigi að vera margslungið glerkúluspil og nauðsynlegt sé að hagræða menningarminjum svo að gildi þeirra verði sem flestum sýnilegt og varðveisla þeirra verði tryggð.

Að öðru leyti ætla ég mér að skilja við efnið botnlaust í von um að það kunni þó að vekja einhverja til umhugsunar.



Hnefinn úr Baldursheimskumlinu.

AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur Félags Íslenskra safnmanna verður haldinn mánudaginn
7. júní 1993, kl. 17:00 í kaffistofu Þjóðminjasafnsins.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundastörf
Farskólinn
Önnur mál.

Sjáumst heil og hress.

Sjórnin



Útgefandi: Félag Íslenskra safnmanna, ritstjóri, Sigrún Ásta Jónsdóttir,
heimilisfang, Suðurgata 41, 101 Reykjavík.
